



**dark sky
ecotourism**

**Vistvæn
myrkurgæðaferðapjónusta
Fræðslupakki 5
Að upplifun lokinni - skilaboð
vistvænnar
myrkurgæðaferðapjónustu**



Námsmarkmið fyrir fræðslupakka 5

Einbeitir sér að "skilaboðunum" sem þú vilt að gestir hafi af myrkurgæðaupplifuninni og hvaða tilfinningu þú vilt að þeir halda af stað heim á leið með.

Efnisyfirlit

Námsmarkmið fyrir þennan fræðslupakka

- 01** Að búa til áhugaverð skilaboð í gegnum vistvæna myrkurgæðaferðaþjónustu
 - 02** Notkun náttúrutúlkunar
 - 03** Dæmi um skilaboð vistvænnar myrkurgæðaferðaþjónustu
-
-

KAFLI 01

Að búa til áhugaverð
skilaboð í gegnum vistvæna
myrkurgæðaferðaþjónustu



Notaðu öll skilningarvitin til að skapa upplifun:

HLUSTAÐU

LYKTAÐU

SNERTU

BRAGÐAÐU

HORFÐU

Með því erum við líklegri til að koma skilaboðum okkar um vistvæna ferðapjónustu til gesta okkar.

VERKEFNI:

Taktu einn upplifunarfræðslupakka og búðu til eina litla myrkurgæðaupplifun byggða á hverju skilningarviti: Hlustaðu, lyktaðu, snertu, bragðaðu og horfðu. .

Útbúðu áhugaverð skilaboð í gegnum vistvæna myrkurgæðaferðapjónustu

Sem ábyrgt ferðapjónustufyrirtæki viltu tengja gesti þína við náttúruna. Hægt er að nýta aðferðir náttúrutúlkunnar til að ná því markmiði. Með því getum við tengt gesti okkar við náttúruna á okkar svæðinu okkar sem og almennt mikilvægi náttúrunnar og heilbrigðra vistkerfa.

Þegar þú býrð til skilaboð um vistvæna myrkurgæðaferðapjónustu skaltu hafa eftirfarandi í huga:

1. Hvað viltu segja?
2. Hvernig get ég sagt það án orða, þ.e. sem hluta af vistvænni myrkurgæða upplifun? Hér er hægt að treysta á mismunandi skilningarvit, t.d. hlusta á fuglasöng, öldurnar, vindinn o.s.frv.
3. Hvernig geta skilaboðin mín haft áhrif á hegðun gesta minna?
4. Áhrif skilaboða um vistvæna ferðapjónustu á ánægju viðskiptavina



Þegar þú bætir vistvænum skilaboðum við myrkurupplifun þína skaltu íhuga eftirfarandi:

- Ljósmengun eykst um 10% á ári
- 99% Evrópubúa hafa ekki skýra sýn á næturhimininn
- Ljósmengun hefur neikvæð áhrif á:
 - Heilbrigði manna
 - Líffræðileg fjölbreytni
- Það er mikilvægt að koma vistfræðilegum ávinningi af myrkurgæðaupplifun á framfæri við gesti þína



Verkefni:

Nýttu upplýsingarnar hér að ofan og reyndu að búa til eina málsgrein sem getur útskýrt fyrir gestum þínum mikilvægi myrkurs fyrir heilsu manna. Getur þú notað önnur skilningarvit til að bæta það sem þú ert að segja? Hafið hér í huga markmið náttúrutúlkunar, sjá glærur 12 og 13.

Að búa til áhugaverð skilaboð í gegnum vistvæna myrkurgæðaferðabiónustu



Markmiðið er að fólk skilji mikilvægi myrkurs fyrir líf margra lífvera, t.d. haustfiðrilda, fyrir okkar eigin nætursvefn, fæðuleit skordýra o.s.frv.


Við reynum að nota öll skilningarvitin – það sem við sjáum, heyrum, finnum lykt af, bragð og snertum.

Markmiðið er að virkja öll þessi skilningarvit í myrkurupplifun okkar þannig að við - helst - þurfum ekki að setja skilaboðin okkar í orð eða í mesta lagi eina setningu - heldur að gesturinn komist að sömu niðurstöðu og við.

Rannsóknir sýna að með því að gera (frekar en að vera sagt) erum við líklegri til að breyta hegðun okkar og aðlaga vistvæn skilaboð inn í okkar eigið líf.

Mundu að einbeita þér að:

1. Varðveisla náttúrufegurðar
2. Ávinningur myrkurs fyrir dýralíf á staðnum
3. Heilbrigði vistkerfa



KAFLI 02

Notkun náttúrutúlkunar



Notaðu náttúrutúlkun til að búa til skilaboð um vistvæna myrkurgæðaferðapjónustu



Náttúrutúlkun er tæki sem við getum nýtt til að hjálpa okkur við upplifunarhönnun. Eftirfarandi 6 meginreglur hjálpa okkur að búa til vel skilgreint þema eða efni sem leiðir gesti í gegnum myrkurupplifun og kynnir fyrir þeim himininn, verur hans, vistkerfi og gildi á áhugaverðan máta:

1. Náttúrutúlkun verður geld og marklaus tengi hún ekki á einhvern hátt umræðuefnið persónlegri reynslu eða þekkingu þátttakenda.
2. Upplýsingamiðlun sem slík er ekki túlkun. Túlkun er opinberun sem þó byggir á upplýsingum.
3. Náttúrutúlkun er list sem tengir saman margar listgreinar; hvort sem umræðuefnið er náttúrufar, saga eða byggingarlist. Allar listgreinar má kenna að ákveðnu marki.

(Tilden, F. 1977. Interpreting Our Heritage. 3rd edition. Chapel Hill: The University of North Carolina Press.)

Notaðu náttúrutúlkun til að búa til skilaboð um vistvæna myrkurgæðaferðabjónustu



Náttúrutúlkun er tæki sem við getum nýtt til að hjálpa okkur við upplifunarhönnun. Eftirfarandi 6 meginreglur hjálpa okkur að búa til vel skilgreint þema eða efni sem leiðir gesti í gegnum myrkurgönguna og kynnir fyrir þeim himininn, verur hans, vistkerfi og gildi á áhugaverðan máta:

4. Meginmarkmið náttúrutúlkunar er ekki ítroðsla heldur að vekja til umhugsunar og skilnings.
5. Með náttúrutúlkun ætti að leitast við að kynna heildarmyndina fremur en hluta hennar. Náttúrutúlkun þarf einnig að höfða til allra hluta okkar sjálfra.
6. Náttúrutúlkun fyrir börn (upp til 12 ára aldurs) á ekki að vera útþynning á því sem fyrir fullorðna er borið, heldur verður hún í grundvallaratriðum að byggjast á ólíkum aðferðum.

(Tilden, F. 1977. *Interpreting Our Heritage*. 3. útgáfa. Chapel Hill: The University of North Carolina Press
Íslensk þýðing: Sigprúður Stella Jóhannsdóttir (2011). *Náttúrutúlkun - Handbók*. Náttúrustofa Norðausturlands Húsavík, bls. 9.)

KAFLI 03

Dæmi um skilaboð
vistvænnar
myrkurgæðaferðaþjónustu



A dark sky landscape featuring a range of mountains in the foreground and a vast, starry night sky above. The stars are densely packed, creating a rich field of light points. A vertical green bar is visible on the right side of the image.

Dæmi:

Skuldbinding okkar við vistvæna ferðapjónustu

Sýndu hvað fyrirtæki þitt gerir sem
vistvænt ferðapjónustufyrirtæki


- Hjú vistvæna ferðapjónustufyrirtækinu okkar setjum við náttúrufegurð og menningararfleifð plánetunnar okkar í forgang.
- "Við vinnum náið með staðbundnum náttúruverndarhópum og tökum virkan þátt í endurheimt búsvæða til að vernda og endurlífga innfæddar tegundir álfunnar."

Dæmi:

Skuldbinding okkar við vistvæna ferðapjónustu

Sýndu hvað fyrirtæki þitt gerir sem vistvænt ferðapjónustufyrirtæki

- Markmið okkar er að veita ferðamönnum einstaka, sjálfbæra upplifun sem skilur eftir sig jákvæð áhrif á nærsamfélagið og umhverfið.
- "Við erum í samstarfi við evrópsk dreifbýlissamfélög og bjóðum upp á vistvæna gistingu og upplifanir sem fagna svæðisbundinni menningu og hefðum og tryggjum að hluti hverrar bóknar gagnast þessum samfélögum á beinan máta."





Verkefni:

Lestu dæmin á glærum 15 til 17 og búðu til skilaboð um vistvæna ferðapjónustu fyrir ferðapjónustufyrirtækið þitt sem er svipað að lengd og formi.

Dæmi:

Skuldbinding okkar við vistvæna ferðapjónustu

Sýndu hvað fyrirtæki þitt gerir sem vistferðapjónustufyrirtæki

- Taktu þátt í að skapa grænni og ábyrgari framtíð fyrir ferðalög.
- "Með því að velja vistvænt ævintýri með okkur í Evrópu, ert þú að styðja við sjálfbæra ferðapjónustu sem dregur úr úrgangi og kolefnislosun. Við erum þátttakendur í evrópska græna samkomulaginu (e. European Green Deal) og vinnum að grænni og sjálfbærari framtíð fyrir ferðalög um alla álfuna.



**dark sky
ecotourism**

Fylgstu með ferðalagi okkar hér

www.darkskytourism.eu



Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.

